

Sp.

188. Þingsályktun

um afsláttarhross.

(Afgreidd frá Sp. 15. okt.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, ýtarlega rannsókn, í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenskra samvinnufélaga, á því, hvernig helst mætti koma afsláttarhrossum bænda í viðunandi verð og hvort ekki væri hægt þegar á þessu hausti að greiða eitthvað úr því málefni, en leggja annars rannsóknir sínar og tillögur fyrir næsta Alþingi.